


Skýrsla náms- og starfsráðgjafa, skólaárið 2020-2021



Inngangur

Náms- og starfsráðgjöf FMOS er fyrir ALLA nemendur skólans og er skipulögð með það að leiðarljósi að hún sé **fyrirbyggjandi, græðandi, fræðandi og þroskandi**. Náms- og starfsráðgjafar eru sérfræðingar í ráðgjöf um nám, hvort heldur sem er í námi eða um nám en einnig um störf og vinnumarkað. Hlutverk þeirra er að stuðla að velferð nemenda með hagsmuni þeirra að leiðarljósi, vera trúnaðarmenn þeirra og talsmenn innan skólans.

Þetta skólaár var einn náms- og starfsráðgjafi við skólann í 100% stöðuhlutfalli. Jóhann Aðalsteinn Árnason var að leysa af í eitt ár vegna námsleyfis Svanhildar náms- og starfsráðgjafa skólans.

Það gekk mikið á þetta skólaár í tengslum við Covid heimsfaraldur og hafði faraldurinn mikil áhrif á allt starf skólans alla haustönnina og vorönnina líka en þó aðeins minna. Haustönnin hófst með tiltölulega eðlilegum hætti en fljótlega var öllu skellt í lás og allt sett í fjarnám og starfsmenn fóru að vinna að

heiman og nemendur sóttu alla tíma í gegnum Teams eða Discord. Þetta hélst óbreytt fram að jólum. Náms- og starfsráðgjafi vann heima annan hvern dag. Nemendur máttu alla önnina koma í viðtöl á staðnum til náms- og starfsráðgjafa og það var vel nýtt. Mikið af viðtölum og vinnunni fóru einnig fram heima og í gegnum Teams. Það var alltaf reynt eins og sóttvarnareglur leyfðu, að fá nemendur í skólann. Þetta þýddi að fyrirkomulag kennslunnar breyttist svolítið á milli mánaða á haustönn. Á vorönn var slakað aftur á sóttvarnareglum og með því að breyta vorönn í tvær spannar var hægt að byrja vorönn með meira staðnám og endaði vorönnin svo þannig að allt var komið í staðnám aftur. Þetta ár var því mjög svo óvenjulegt og óhefðbundið en gekk mjög vel þrátt fyrir allt og allir stóðu sig eins og hetjur í þessum aðstæðum.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir verkefnum náms- og starfsráðgjafar FMOS. Tilgangurinn er að leggja mat á starfið og fá heildarsýn til að bæta þjónustu við nemendur skólans.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafar FMOS skiptast í *ráðgjöf, stjórnun, kynningar og endurmenntun*. Í töflu 1 má sjá verkefnalýsingu hvers flokks fyrir sig auk þess tíma sem áætlaður er í hvern flokk.

Tafla 1. Yfirlit yfir verkefni náms- og starfsráðgjafar FMOS, tímaáætlun og vægi verkefna (100% starfshlutfall)

Verkefni	%	klst/ári
I Ráðgjöf: einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, rafræn ráðgjöf, náms- og starfsval og náms- og starfsfræðsla (undirbúningur, eftirfylgni)	70	1224
II Stjórnun: áætlanagerð, skráningar, skýrslugerð, mat og þróunarvinna, fundir, nefndarstörf og önnur tilfallandi verkefni í samráði við stjórnendur s.s. námsmat, innritun, áminningarferli og áfangar í boði.	20,5	360
III Kynningar á skólanum og þjónustunni: foreldrafundur, grunnskólakynningar, móttaka nýnema.	5	88
IV Endurmenntun: fræðslufundir, námskeið, námsferðir og faghandleiðsla.	4,5	80
Alls:	100	1752
Viðbótarorlof (skv. kjarasamningi KÍ)		+48

Ráðgjöf

Heildarfjöldi innritaða nemenda á haustönn 2020 voru 350 og á vorönn 2021 voru 308 nemendur við nám í skólanum. Hér á eftir fer nánari umfjöllun um verkefni náms- og starfsráðgjafa sem snúa beint að nemendum.

Einstaklingsráðgjöf

Fjöldi ráðþega og ástæður fyrir komu

Náms- og starfsráðgjafi FMOS hefur komið að málum fjölmargra nemenda á skólaárinu. Alls leituðu 140 nemendur FMOS til ráðgjafarinnar um haustið en 120 nemendur að vori. Heildarfjöldi viðtala á

skólaárinu 2020-2021 var 530 en skólaárið 2019-2020 voru þau 922. Fækkun viðtala má að öllum líkindum rekja til þess hversu mikið fjarnám var við skólann vegna samkomubanns (engir nemendur í húsi) Sömu leiðis hafði það örugglega einhver áhrif að náms- og starfsráðgjafinn var nýr og að leysa af. Tekið skal fram að skráð viðtöl eru eingöngu þau sem voru tekin í persónu á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa eða í gegnum teams fjarfundarbúnað. Í ljósi ástandsins í samfélaginu jukust mikið símtöl sem og tölvupóstar og eftir á að hyggja hefði náms- og starfsráðgjafi átt að vera duglegri að skrá viðtöl sem fóru fram í gegnum tölvupóstsamskipti, símleiðis eða í skriflegu spjalli á Teams (óformlegri viðtöl).

Ástæður fyrir komu til náms- og starfsráðgjafa voru:

- aðstoð við skipulag, utanumhald verkefna og námstækni
- persónulegir og félagslegir erfiðleikar
- ráðgjöf og aðstoð vegna vals á áföngum, töflubreytinga og innritunar
- ráðgjöf vegna náms- og starfsvals, áhugagreining og upplýsingagjöf
- fyrirspurnir og spjall um ástandið, fjarnám, staðnám mætingu og annir og spanir
- almennt skipulag skólustarfsins og upplýsingagjöf
- aðstoð í samskiptum við kennara
- samskipti við fagaðila, aðra skóla, námsráðgjafa og kennara

Flestir nemendur sem nýta sér þjónustuna koma af eigin frumkvæði en nokkrir nefndu tilvísun frá forráðmönnum, kennurum og stjórnendum. Kennarar og náms- og starfsráðgjafi voru í mjög góðum samskiptum yfir árið og voru kennararnir duglegir að hafa samband við námsráðgjafa vegna nemenda sinna ef tilefni var til og öfugt. Einnig voru þó nokkur viðtöl við foreldra nemenda eða nemendur og foreldra saman.

Samvinna er á milli náms- og starfsráðgjafarinnar og sálfræðiþjónustunnar. Náms- og starfsráðgjafi vísaði nemendum til sálfræðings skólans ef tilefni þótti til þess vegna mikils persónulegs vanda. Gott samstarf var á milli náms- og starfsráðgjafa og sálfræðings.

Mæting nemenda

Vegna aðstæðna í samfélaginu og fjarnáms, samkomubanns og fleira var nemendum gefinn ákveðið slaki varðandi mætingu og reglur um mætingu og fleira. Kennarar létu náms- og starfsráðgjafa vita ef að nemendur voru ekki að mæta í fjarnámstímanna og hafði þá námsráðgjafi samband eða reyndi að ná í viðkomandi og athuguðu stöðuna. Töluverð aukning varð á því að nemendur mættu ekki en væru engu að síður að skila verkefnum og sinna náminu. Tilgangurinn með því að hafa að hafa samband við þá sem ekki voru að mætar vel var að ná til nemenda áður en þeir hættu alveg að mæta í skólann þar sem slök mæting er sterk vísbending um brotthvarf.

Námserfiðleikar nemenda

Nemendur sem tilkynntu um námslegan vanda voru 102 á haustönn og 107 á vorönn. Nemendur hafa ýmist skilað greiningum um námserfiðleika á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa, látið vita munnlega í viðtali við ráðgjafa eða skráð það í INNU.

Nemendur í áminningarferli

Nemendur á samning eru boðaðir í viðtal til náms- og starfsráðgjafa í upphafi annar. Nemendur eru bókaðir í vikuleg viðtöl alla önnina og fyrir hvert viðtal er þeim sendur tölvupóstur til að minna á viðtalið. Ef nemendur láta ekkert í sér heyra í einhvern tíma þá er hringt í þá. Ráðgjöfin felst í því að farið er yfir mætingu og verkefnaskil með nemendum og að aðstoða þá við að setja sér námsmarkmið fram að næsta viðtali.

Vegna Covid og samkomubanns á vorönn 2020 var aðeins breytt út af vananum fyrir haustönn 2020. Þá var settur saman listi yfir nemendur sem hefðu átt að vera á samning en voru ekki í ljósi aðstæðna í samfélaginu. Náms- og starfsráðgjafi hafði samband við þessa nemendur og lét þá vita af stöðunni og að það yrði ekki eiginlegur samningur þessa önn en að hann myndi vera í sambandi reglulega og fylgjast með og bjóða aðstoð sína ef nemendur þurftu eða vildu.

Alls voru 25 nemendur á samningi á haustönn 2020 og reynt að fylgjast með þeim eftir bestu getu þrátt fyrir að ákveðið væri við samkomubann og fjarnám að ekki væri hægt að fylgja samningunum eftir almennilega. Í eftirfylgni með samningsnemendum á haustönn var notað símtöl, tölvupóst og viðtöl í persónu. Engir nemendur fengu samning á vorönn 2020 þar sem að sveigjanleiki varð að vera mun meiri í ljósi faraldursins.

Rafræn ráðgjöf

Ráðgjöf fer einnig fram í gegnum miðla eins og síma, tölvupósta og Facebook. Náms- og starfsráðgjöf FMOS heitir Facebook síðan og eru 736 vinir skráðir, aðallega núverandi og fyrrverandi nemendur skólans. Náms- og starfsráðgjafi skólans hefur margoft verið í samskiptum við nemendur í gegnum miðilinn bæði að eigin frumkvæði og einnig að frumkvæði nemendanna. Nemendur eru virkir inni á þessari síðu sem auðveldar ráðgjafa að koma til þeirra skilaboðum. Einnig nýtir ráðgjafi síðuna til að koma upplýsingum um nám og störf til nemenda sem og ýmsum tilboðum sem eru á vegum námsráðgjafarinnar og standa nemendum opin. Helsti gallinn er að ekki eru allir nemendur skólans virkir á Facebook og því er mikilvægt að nota einnig tölvupóst til að upplýsingar komist til allra nemenda. Vert er að taka fram að miðillinn er ekki notaður í persónulega ráðgjöf heldur er hann notaður til að koma upplýsingum til nemenda.

Bendill

Nemendum FMOS er boðið upp á að taka áhugakönnunin Bendill I og II. En Bendill er könnun sem metur áhuga og birtast niðurstöður myndrænt. Áhugakönnunin hjálpar nemendum til að vera markvissari og skilvirkari í leit að námi eða starfi.

Stjórnun

Heildstæð náms- og starfsráðgjafaáætlun

Náms- og starfsráðgjafi FMOS vinnur samkvæmt fyrir fram ákveðinni starfsáætlun sem nær yfir eitt skólaár í senn. Áætlunin tekur til allra þátta innan verksviðs ráðgjafarinnar og er í samræmi við hlutverk og stefnu skólans. Hafa ber í huga að starfsáætlunin er vinnuþagg og því þarf hún að vera sveigjanleg

fyrir tilfallandi verkefni. Áætlunina ber að endurskoða árlega og aðlaga eftir því hvað reynslan kennir. Kostirnir við áætlanagerð eru margir eins og að auka líkur á að markmið náist, auðvelda að skoða gæði þjónustunnar og þróun hennar svo eitthvað sé nefnt.

Fundir og nefndarstörf

Náms- og starfsráðgjafi sat kennara- og starfsmannafundi og fundaði með stjórnendum og sálfræðingi eftir þörfum og eins og hægt var í samkomubanni og heimsfaraldri. Einnig á hann sæti í áfallaráði skólans.

Náms- og starfsráðgjafi var í góðum samskiptum og samstarfi við umsjónakennara og hitti kennara reglulega í gegnum teams og í persónu. Aðallega þegar kom að mætingu, vali fyrir næstu önn og að ná sambandi við foreldra nemenda.

Náms- og starfsráðgjafi var sömuleiðis í mjög góðum samskiptum og samstarfi við stjórnendur skólans. Skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra.

Samstarf hefur verið við félagsþjónustuna í Mosfellsbæ og Reykjavík vegna einstakra nemenda.

Innritun

Náms- og starfsráðgjafi aðstoðaði stjórnendur í tengslum við innritun nýnema fyrir vor- og haustönn. Verkefnið felur í sér að skrá þá í áfanga ásamt viðtölum við einstaklinga sem óska eftir því vegna innritunar þ.e. verðandi nemendur og forráðamenn í sumum tilfellum.

Val og námsferlar

Náms- og starfsráðgjafi sér um að aðstoða nemendur við að velja áfanga fyrir næstu önn og aðstoða þá við að skipuleggja námið fram í tímann.

Nemar í náms- og starfsráðgjöf

Ákveðið var að taka ekki nema í náms- og starfsráðgjöf þetta skólaárið.

Kynningar á skólanum og þjónustunni

Grunnskólakynningar

Þar sem að allt var lokað á haustönn og miklar samkomutakmarkanir í gangi varð ýmislegt öðruvísi í tengslum við grunnskólakynningar. Ekkert var hægt að gera á haustönninni en strax í janúar var byrjað að skipuleggja. 10. bekkur var undanskilinn sóttvarnareglum og því var hægt að bjóða þeim að koma í FMOS á kynningar. Náms- og starfsráðgjafi og áfangastjóri sáu um kynningarnar. Öllum 10 bekkjum í Mosfellsbæ sem og á Kjalarnesi var boðið að koma í heimsókn og fá góða kynningu, spjall og skoða skólann. Alls komu 3 hópar frá Varmárskóla, 3 hópar frá Lágafellsskóla og svo einn hópur frá Tjarnarskóla. Samtals voru þetta 7 kynningar. Heilt yfir gengu þessar heimsóknir mjög vel, 10 bekklingarnir voru mjög áhugasamir, fannst mikið til skólans koma og spurðu mikið. Kynningarnar voru unnar í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa grunnskólanna. Tilgangurinn með þeim er að nemendur í 10. bekk kynnist kennsluháttum og námsframboði FMOS og fái innsýn í starf skólans.

Á vorönn tókst að hafa opið hús í skólanum þrátt fyrir sóttvarnareglur og samkomutakmarkanir. Það gekk vel og var ágæt mæting miðað við aðstæður. Mikið spurt og spjallað og fólk almennt áhugasamt.

Í ár átti að vera stór kynning á framhaldskólum í Laugardalshöll en hún var felld niður vegna Covid.

Garðaskóli óskaði eftir að náms- og starfsráðgjafi og einn eða tveir nemendur úr FMOS kæmu í skólann til þeirra með kynningu á FMOS fyrir 10. bekkinga en því miður treystu þau sér svo ekki til að fá okkur í heimsókn vegna Covid.

Töluvert var um að forráðamenn og/eða nemendur hefðu samband og óskuðu eftir kynningu á námsframboði og skólahúsnæðinu. Að sjálfsgöðu var orðið við þeim óskum. Þessar kynningar eru óskráðar.

Náms- og starfsráðgjafi stakk upp á því í byrjun vorannar að gera kynningarmyndbönd fyrir skólann, bæði vegna Covid og erfiðleika með að halda skólakynningar sem og vegna þess hversu auðvelt er að dreifa myndböndum á öllum samfélagsmiðlum, netsíðum og jafnvel í sjónvarp. Þessari hugmynd var tekið fagnandi og á vorönn skipulagði náms- og starfsráðgjafi í nánú samstarfi við áfangastjóra og rýnihóp nemenda við skólann. Tökudaga og skipulag og útfærslu á kynningarmyndbandi. Þetta var mjög skemmtilegt og frábært að vinna með nemendum og starfsfólki sem hafði bara gott að segja um skólann og starfsfólk hans.

Við þurftum að bíða of lengi eftir því að fá myndböndin í hendurnar sem og klára að taka upp ákveðna hluti og var náms- og starfsráðgjafi (og fleiri) alls ekki sáttur með hvernig það allt fór. En þau myndbönd og efni sem við höfum fengið voru allir mjög sáttir með og var deilt einu myndbandi út um allt í lok vorannarinnar. Þetta var mjög lærdómsríkt og skemmtilegt ferli, að framleiða svona myndband.

Móttaka nýnema

Mikilvægt er að vel sé staðið að móttöku nýnema með það að markmiði að greiða fyrir aðlögun þeirra og sporna við brotthvarfi nemenda.

Náms- og starfsráðgjafi og brúarstjórar Framhaldsskólalabruar tóku viðtöl við nýnema á brautinni í júní og ágúst. Markmiðið með viðtölunum var að kynna væntanlegum nemendum og forráðamönnum þeirra áherslur brautarinnar og kynnast verðandi nemendum lítillega.

Lokaorð

Haustönnin hófst í heimsfaraldri, við vorum vongóð um að hægt væri að hafa önnina eðlilega en mjög fljótlega skall á stór og mikil bylgja (3 bylgja?) og öllu var skellt í lás, allt í fjarnám og heimavinnu. Haustönnin var nemendum frekar erfið, mikið um breytingar og nýnemar að byrja í framhaldsskóla í fjarnámi og töluverð óvissa og sveiflur í samkomutakmörkunum og reglum. Vorönnin var í fastari skorðum og gekk mun betur. Stefnan var að hafa sem mest staðnám og til þess var skipt vorönninni í tvær spannir. Það var gert með frekar stuttum fyrirvara og tók smá stund fyrir alla að venjast því fyrirkomulagi. Það hafði þó þau áhrif að hægt var að taka aftur nemendur í skólann og lifnaði allt við fram að páskum en þá kom aftur smá covid bylgja sem svo varð ekki langlíf. Upplifun náms- og starfsráðgjafa var sú að nemendur voru sáttir með spennarkerfið og gekk heilt yfir betur hjá nemendum á vorönninni heldur en haustönn. Náms- og starfsráðgjafi upplifði mun þyngri og erfiðari mál á haustönninni (fjarnám, covid og margt fleira).

Sennilega er eitt ofnotaðasta orðið í dag fordæmalausir tímar og er það ekki að ástæðulausu. Covid-19 hafði áhrif á ráðgjöfina eins og allt annað skólastarf. Nemendur komu ekki lengur í frímínútum eða eyðum til að kíkja við og fá ráðgjöf eða panta tíma og því eru viðtölin á þessu ári töluvert færri en árin á undan en símaráðgjöfin hefur aldrei verið jafn mikil og á þessu skólaári. Tölvupóstar og ráðgjöf í gegnum tölvupóst og spjall á teams var líka mjög stór þáttur.

Mjög öðruvísi og frekar krefjandi skólaári að ljúka og vonandi fer allt að komast aftur í eðlilegt horf.

Á næsta skólaári kemur Svanhildur Svavarsdóttir aftur í sitt starf sem náms- og starfsráðgjafi eftir ársleyfi. Ég vil þakka kærlega og innilega fyrir þetta tækifæri og þetta skólaár sem er nú að klárast. Þetta er búinn að vera frábært tími. Ég hef lært svo mikið og kynnst svo frábæru fólki. FMOS er æðislegur skóli og þið hafið einn besta mannauðinn. Ég á eftir að sakna skólans og samstarfsfólksins.

Gleðilegt sumar og takk kærlega fyrir veturinn!

(Jóhann) Aðalsteinn Árnason (Alli), náms- og starfsráðgjafi FMOS.